


Ólafur Haukur: Under Your Skin.

Ólafur Haukur á ensku

Leikritið „Milli skinns og hörunds" komið út í New York

Leikrit Ólafs Hauks Símonarsonar, „Milli skinns og hörunds", sem Þjóðleikhúsið frumsýndi 1984, er komið út á ensku undir heitinu „Under Your Skin" í þýðingu Ingu Birnu Jónsdóttur. Verkið birtist í leikritasafninu Drama Contemporary, sem gefið er út í New York og er nýjasta bindi ritsafnsins helgað nútímaleikritun á Norðurlöndum.

Ólafur Haukur Símonarson hefur lagt drjúgan skerf að leikritun síðustu ár og auk þessa verks m.a. samið leikritin „Kjöt" og „Bílaverkstæði Badda" (sem er nú sýnt í Háskólabíó undir nafninu „Ryð" í kvikmyndagerð Lárusar Ýmis Óskarssonar), – svo ekki sé minnst á söngleikinn „Á köldum klaka", sem Borgarleikhúsið sýnir um þessar mundir.

Drama Contemporary er eina leikritsafnið sem út kemur í Bandaríkjunum og eingöngu helgað erlendri leikritun. Meðal annarra norrænna höfunda í ritinu að þessu sinni eru Tor Aage Bringsværd frá Noregi og Ulla Ryum frá Danmörku. Með útgáfunni vilja Bandaríkjamenn minna á að leikritun Norðurlanda dó ekki út með Strindberg og Ibsen, heldur dafnar þar leiklist á heimsmælikvarða sem vitnar um gamla og gróna leikhúshefð.

ÓHT

Fegurð og leyndardómar

Arngunnur Ýr sameinar málverk og skúlptúr á sýningunni „Varanlegum menjum" á Kjarvalsstöðum

– Þú málar, smíðar og blandar saman ólíkum efnum. Er auðvelt að sameina þessi vinnubrögð?

– Ég hef ágæta aðstöðu í vinnustofunni í San Francisco og þótt ég væri dálítið hrædd við trésmíðaverkstæðið í byrjun, þá hef ég mjög gaman af svona vinnu núna. Ef hugmyndirnar útheimta einhverja sérstaka útfærslu þá verður maður að tileinka sér ýmis vinnubrögð.

– Nú eru verkin þín þannig að sjálft efnið, vax, plast, marmaraplata, röntgenmynd, þurrkaðar rósir og fleira, dregur að sér athygli skoðandans. Ertu ekkert smeyk við að fólk gleymi sér við að skoða handverkið þitt og nýstárleg efni, en inntak myndanna fari fram hjá því?

– Nei, þetta er hluti af öllu saman, lokaútkomunni. Mikilvægast er að hafa sjálfur tilfinningu fyrir því og finnast það spennandi. Marmaraplata í þessu samhengi er hluti af heildinni og minnir á ákveðna hluti, er hluti af heildarlausninni. Síðan eru líka önnur verk sem ég hef unnið í þessu samhengi en sýni ekki, þar sem ég er kannski komin út í aðra sálma. Ég gæti líka beitt sjónrænum brögðum til að heilla, – það er í sjálfu sér auðvelt að gera verk sem „hrífa" áhorfandann, en stundum getur hluturinn sjálfur haft sterkari þýðingu en það að „endurgera" hann. Fólk spyr mig stundum: „Getur þetta verið listaverk eftir þig, fyrst þú hefur ekki gert það sjálf?" – og á þá við hvernig ég innlima efni og hluti. En þetta er ekki spurningin, heldur hvernig hlutunum er komið á framfæri, hvað sett er saman til að skapa nýja þýðingu.

Frelsi áhorfandans

– Læknar eru búnir að skilgreina nokkrar meinsemdir sjúklinga á röntgenmyndunum á sýningunni...

– Þær eru nú samt ekki valdar með tilliti til þess sem læknarnir sjá, fyrir mér eru röntgenmyndirnar álíka leyndardómur og fyrir venjulegt fólk.

– Nú eru þarna ákveðnar fjögurra mynda seríur, er þetta unnið eftir fastri áætlun?

– Já, ákveðið plan er á bak við þetta allt, en ég vil ekki gefa of mikið upp, þótt ég geri grein fyrir heildarhugmyndunum við sköpunarferlið í sýningarskrá. Það þarf að vera visst frelsi fyrir áhorfandann að lesa úr verkunum það sem honum hentar. Listamaðurinn sjálfur getur ekki verið með eina rétta svarið. Það er engin ein leið að verkunum. Ég vinn verkin út frá tveim sjónarmiðum, hugmyndalega og fagurfræðilega. Hugmyndin og efnið tala saman, skapa tengsl.

– Ert þú eins og fleiri málarar „að vaxa upp úr málverkinu" og inn í skúlptúrinn?

– Nei, þrívítt form heillar að vísu, en ég held ég yfirgefi ekki málverkið, þótt ég sé farin að vinna meira með rýmið. Kassaverkin með röntgenmyndunum fannst mér t.d. henta vel, vegna þess að ég er að fást við það sem er leyndardómsfullt. Svo er spennandi að læra eitthvað nýtt, vinna með önnur efni.

– Nú býrð þú í San Francisco, hvernig er að koma í heimsóknir hingað?

– Alltaf jafn yndislegt. En ég hef dvalið mikið erlendis, bjó í Kanada sem unglingur í fimm ár, á Nova Scotia, ásamt foreldrum mínum og kom svo heim til að ljúka menntaskóla. Á sumrin vann ég m.a. á Ítalíu og í Þýskalandi. Ég var svo tvo vetur í Myndlista- og handíðaskólanum í Reykjavík og fékk það nám að fullu metið í Kaliforníu og lauk þar BFA-prófi frá málaradeild frá San Francisco Art Institute 1986. Síðan hef ég starfað hérlendis, í Amsterdam og í San Francisco. Maðurinn minn, Lawrence Andrews, er líka myndlistarmaður, vinnur aðallega við vídeó-list og gerir í því sambandi einnig skúlptúra. Og í sjálfu sér er einnig kennilegt hve fáir Íslendingar stunda lítið slíka myndbandagerð, en það er mikið um að vera í vídeólist um allan heim. Þótt hér í þessu litla samfélagi sé ótrúlega margt að gerast á listasviðinu má kannski segja að það vanti fleiri greinar, meiri breidd í viðfangsefnin. Margir Íslendingar kannast t.d. ekkert við Steinunni Vasulka, sem er víðþekktur og fær vídeólistamaður og býr í Santa Fe. En það er athyglisvert, að þegar Ísland ber á góma erlendis, er það yfirleitt tengt framlagi okkar á menningarsviðinu, það man fólk úr sjónvarpsþáttum og öðrum fjölmiðlum.

– Nú eru margir með fordóma gagnvart Bandaríkjunum og þeim listamönnum sem þar hafa dvalið...

– Það er rétt, þetta kemur upp. En þetta byggist á mikilli fáfræði, fólk gerir sér miklar ranghugmyndir um bandarískt listalíf. Það er ekkert fullkomið, en þeir sem hafa samanburðinn við önnur lönd vita að þar er menning ekki síðri en annars staðar.

ÓHT



Arngunnur Ýr við verk sitt „Varasöm ást" á Kjarvalsstöðum. Mynd: Kristinn.

„Í Varanlegum menjum vildi ég sýna innri líkamann sem verðöld sem við í raun þekkjum og skiljum ekki, og höfum lítið vald yfir. Hann er sem tákn hins óvaranlega og óörugga, í senn leyndardómsfullur og fagur, og ógnvekjandi og ljótur. Ég vildi reyna að sameina hugmyndir um andann og holdið sem eitthvað skylt frekar en aðskilið."

(Úr sýningarskrá).

Óður til sameinaðrar Evrópu

Reykjavík og Selfoss: Nýárstónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar í anda Vínartónlistarinnar. Fimm börn með einleik

Árlegir Nýárstónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar verða í Háskólabíói annað kvöld kl. 20 og á laugardaginn kl. 16:30. Auk þess verða þeir fluttir í Íþróttahúsinu á Selfossi á föstudagskvöld kl. 20:30.

Á efnisskrá verða fjölmörg verk, flest í anda Vínartónlistarinnar, eftir evrópsk og amerísk tónskáld, t.d. Frakkana Marc-Antoine Charpentier og Charles Gounod, Ítalann Luciano Berio, Þjóðverjann Jóhannes Brahms, Danann Hans Christian Lumbye, Bandaríkjamanninn Leroy Anderson og Austurríkismennina Franz von Suppé, Jóhann Strauss eldri og yngri.

Einleikarar verða 15 talsins, tíu úr röðum Sinfóníuhljómsveitarinnar og auk þess fimm börn, þrjú úr Tónlistarskóla íslenska Suzukisambandsins og tvö úr Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Hljómsveitarstjóri er Austurríkismaðurinn Peter Guth, sem hefur þrjú sl. ár stjórnað Vínartónleikum hljómsveitarinnar og fór með hana um Vestfirði 1989. Hann hefur sjálfur valið verkin á efnisskránni og segir að þau myndi óð til sameinaðrar Evrópu, en í Vínarborg finni menn skýrt fyrir því frelsi sem fylgi opnun landamæra nágrannaríkjanna og að tónlistin endurspegli þessa sameiningu. Guth er um þessar mundir fyrsti konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Austurríkis.

ÓHT



Peter Guth, stjórnandi Nýárstónleikanna og fyrsti konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Austurríkis: Í Vínarborg finna menn frelsið vegna opnunar landamæranna til Austur-Evrópu.

Stuðningsmenn Más Guðmundssonar boða til fundar á Kornhlöðuloftinu

HANN Á ERINDI Á ALÞINGI

- **Efnahagslegur stöðugleiki:** Traust atvinnulíf – velferð fólksins
- **Sameign auðlindanna:** Kvótaleiga í fiskveiðum – arðbær orkunýting
- **Afkomuöryggi fjölskyldnanna:** Skattkerfi til tekjujöfnunar – samfelld og virk húsnæðisaðstoð – dagvist fyrir öll börn
- **Alþjóðleg aðlögun:** Ísland í Evrópu, utan EB – sjálfstæð þátttaka
- **Menntasókn:** Íslensk fræði og rannsóknir –útflutningur sérþekkingar – Þjóðarbókhlaða



Stuðningsmenn Más Guðmundssonar í forvali Alþýðubandalagsmanna í Reykjavíkurkjördæmi boða til kynningarfundar á Kornhlöðuloftinu (milli Lækjarbrekku og Torfunnar) fimmtudagskvöldið 17. janúar, frá kl. 20.30 - 23.00.

Fundarstjóri: **Ólafur H. Torfason**, ritstjóri
Umræðustjóri: **Halldór Guðmundsson**, Máli og menningu

Stutt ávörp: **Arthúr Morthens**, kennari.
Hildur Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.
Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.
Már Guðmundsson hefur framsögu og svarar fyrirspurnum.

ALLIR VELKOMNIR